

9. gr.
Fjármál.

Tekjur Lagastofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. framlag frá lagadeild,
- b. styrkir til einstakra verkefna,
- c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- d. tekjur af útgáfustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhags-áætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundum.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 190/1974 um Lagastofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 17. desember 2001.

Páll Skúlason.

Pórhur Kristinsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 2002 að telja um 8,5% frá því sem þær voru í desember 2001. Þó skulu umönnunargreiðslur barna hækka um 8,72% miðað við sama tíma þannig að 25%-bætur þeirra verði jafnháar grunnlífeyri.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. desember 2001.

Jón Kristjánsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.